



Lögreglustjórnin á Vesturlandi

Alþingi,
101 Reykjavík.

Borgarnesi, 22. október 2021.

Efni: Alþingiskosningar 25. september 2021.

Með bréfi dagsettu 21. október síðastliðinn óskaði Alþingi eftir svörum við tilteknum viðbótarspurningum í þágu þeirrar athugunar sem fram fer af hálfu undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa. Viðbótarspurningar Alþingis eru teknar upp í svari þessu *inndregnar og skáletraðar* og svör og athugasemdir tilgreind fyrir neðan hverja spurningu.

1. Fram kemur í svari lögreglustjórans á Vesturlandi 15. október sl. að bakdyrum, sem liggja að brunaútgangi, mun hafa verið læst eftir að yfirkjörstjórn fór af talningarstað, en það sjáist ekki á upptökum úr eftirlitsmyndavélum. Þá er tekið fram að dyrnar hefðu verið opnar um nóttina til að lofta út og að ekki liggi fyrir staðfesting á hvencær dyrunum hafi verið læst. Þá kemur fram að ein eftirlitsmyndavél sé á bakhlíð hússins, en hún sýnir ekki brunaútganginn sjálfan heldur beinist hún að plani þar fyrir utan.

1.a. Hefur lögreglan skoðað myndefni úr myndavélinni sunnudaginn 26. september frá kl. 07:00 til kl. 13:00? Eru sjáanlegar mannaferðir á planinu fyrir utan brunaútganginn?

Mannaferðir sjást á planinu fyrir utan brunaútganginn á nefndum tíma. Þrisvar sinnum sést fólk ganga inn eða út um aðrar dyr á bakhlíð hússins. Á upptökunum sést ekki umgangur í áttina að umræddum brunaútgangi.

2. Samkvæmt upplýsingum undirbúningsnefndarinnar mun fundargerð yfirkjörstjórnar frá fundi hennar 25.-26. september sl. hafa verið send kjörstjórnarfólki í drögum, sem síðan hafi gengið á milli þeirra í tölvupósti áður en gengið var frá henni í gerðabók kjörstjórnarinnar.

2.a. Liggja fyrir tölvupóstsamskipti kjörstjórnarmanna um frágang fundargerðarinnar? Ef svo er, er hægt að fá aðgang að þeim eða upplýsingar um efni þeirra?

Umrædd tölvupóstsamskipti liggja ekki fyrir hjá lögreglu. Rannsókn lögreglu beindist ekki að þessu. Með vísan til 1. mgr. 119. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis er talið að þetta heyri ekki undir rannsókn lögreglu.

3. Af umfjöllun fjölmiðla má ráða að kjörstjórnarfólki í yfirkjörstjórn Norðvestur kjördæmis hafi verið gert tilboð um að ljúka máli því sem lögreglan hefur haft til rannsókna með sektargerð.

3.a. Getur lögreglan upplýst á hvaða ákvæðum laga um kosningar til Alþingis þar er byggt?

Með vísan til ákvæða 49. og 51. gr., sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis, sbr. 120. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis, telur lögreglustjóri sér ekki skylt, að veita upplýsingar um meðferð, framvindu eða stöðu einstakra sakamála.



Lögreglustjórinn á Vesturlandi

4. Í bréfi lögreglustjórans á Vesturlandi frá 15. október sl. kemur fram að lögreglan hafi aflað ljósmynda sem starfsmaður hótelsins háfi tekið inni í salnum kl. 08:07 og tveir starfsmenn hótelsins kl. 09:40 á meðan yfirkjörstjórn var fjarverandi.

4.a. Getur lögreglan látið Alþingi í té umræddar ljósmyndir?

Með vísan til ákvæða 49. og 51. gr., sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis, sbr. 120. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis, telur lögreglustjóri að umbeðnar ljósmyndir geti varðað þá athugun sem fram fer af hálfu nefndarinnar. Með vísan til þess telur lögreglustjóri sér skylt að afhenda nefndinni umræddar ljósmyndir.

Umræddar ljósmyndir fylgja hjálagðar, merktar sem trúnaðarmál. Persónugreinanleg atriði hafa verið afmáð. Óskað er eftir að með þessar ljósmyndir, sem eru hluti af rannsóknargögnum lögreglu, verði farið skv. 1. ml. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 55/1991.

5. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum má ráða að oddviti yfirkjörstjórnar hafi komið aftur á talningarstað um kl. 12:00. Á fundi með undirbúningsnefndinni sagðist oddviti hafa rætt við kunningja sinn í síma um það leyti. Aðrir kjörstjórnarmenn komu skömmu síðar eins og rakið er í fundargerð yfirkjörstjórnar.

5.a. Hefur lögreglan skoðað yfirlit yfir mótekin og hringd símtöl einstakra kjörstjórnarmanna?

Umrædd símasamskipti liggja ekki fyrir hjá lögreglu. Rannsókn lögreglu beindist ekki að þessu.

Virðingarfyllst,
Gunnar Örn Jónsson,
lögreglustjóri á Vesturlandi.



Hjálagt:

Ljósmyndaskýrsla með tveimur ljósmyndum, merkt sem skjal nr. I-7-1 til I-7-4, merkt trúnaðarmál, 4 bls.

Ljósmyndaskýrsla með einni ljósmynd, merkt sem skjal nr. I-8-1 til I-8-2, merkt trúnaðarmál, 2 bls.

Ljósmyndaskýrsla með þremur ljósmyndum, merkt sem skjal nr. I-9-1 til I-9-3, merkt trúnaðarmál, 3 bls.